

**Yfirlýsing
milli
menntamálaráðherra Lýðveldisins Póllands
og
mennta- og menningarmálaráðherra Íslands
um samstarf á sviði menntamála**

Við, menntamálaráðherrarnir, hér á eftir nefndir „aðilarnir“, sem höfum í huga nauðsyn þess fyrir báða aðila að koma á nánara samstarfi á sviði menntunar, sem gerum okkur grein fyrir því að það er vilji beggja aðila að efla samstarf á sviði menntunar í þágu gagnkvæms skilnings á samfélögum þjóðanna, lýsum yfir eftirfarandi:

Aðilarnir munu hafa með sér samstarf á sviði menntunar með sérstakri áherslu á menntun fólks af pólsku þjóðerni sem býr á Íslandi.

Í því skyni:

1. munu aðilarnir styðja við að nemendur hafi aðgang að menntun á móðurmáli sínu innan ramma menntakerfanna og einnig innan tungumálaskóla á borð við *Pólska skólann í Reykjavík*,
2. munu aðilarnir hvetja til þess að stofnað verði til beins samstarfs milli pólskra og íslenskra skóla og menntastofnana til að gera þeim kleift að koma sameiginlegum verkefnum á áherslusviðum sínum til framkvæmda,
3. munu aðilarnir efla samstarf milli pólskra og íslenskra ungmenna, kennara, skólastarfsfólks, skóla og menntastofnana innan ramma áætlana Evrópusambandsins og Uppbyggingarsjóðs EES,
4. munu aðilarnir skiptast á upplýsingum um menntakerfi landa sinna, reynslu og dæmi um góðar starfsvenjur varðandi umbætur á kerfunum og horfur varðandi þróun þeirra.

Aðilarnir hafa ákveðið að eiga í reglulegum samskiptum eftir undirritun þessarar yfirlýsingar og tilnefna tengiliði til að hafa umsjón með útfærslu þess starfs sem tilgreint er í yfirlýsingunni. Allt samstarf er með fyrirvara um aðgengi aðilanna að fjármagni.

Yfirlýsing þessi kemur til framkvæmda á undirritunardegi.

Undirritað í Varsjá, hinn 3. mars 2020 í tvíriti, hvort um sig á pólsku, íslensku og ensku og hafa allir textarnir sama vægi. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

Dariusz Pionkowski
Menntamálaráðherra
Lýðveldisins Póllands

D. Pionkowski

Lilja D. Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra
Íslands

Lilja D. Alfreðsdóttir